

# Mönnun á hjúkrunarheimilum haustið 2009

Greinargerð

Janúar 2010



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
1. Samantekt upplýsinga upplýsinga .....	3
2. Viðmið um æskilega mönnun á hjúkrunarheimilum .....	5
3. Ábendingar Landlæknisembættisins um hjúkrunarmönnun á öldrunarstofnunum frá 2001 ....	5
4. Mönnun á hjúkrunarheimilum samkvæmt reiknilíkani heilbrigðisráðuneytisins .....	6

## Inngangur

Landlæknisembættið óskaði eftir upplýsingum um mönnun frá alls 46 hjúkrunarheimilum með bréfi dags. 25. september 2009. Ekki var óskað eftir upplýsingum um mönnun varðandi hjúkrunarrými sem tilheyrja sjúkrahúsum eða heilbrigðisstofnunum, þar sem mönnun er með öðrum hætti. Upplýsingasöfnunin er hluti af eftirliti Landlæknisembættisins með áhrifum sparnaðaraðgerða á gæði og öryggi heilbrigðisþjónustunnar. Samstarf hefur verið við heilbrigðisráðuneytið (HBR) í vinnuferlinu.

Í ljósi þess hve stærð hjúkrunarheimila er afar mismunandi var ákveðið að skipta þeim í fimm flokka eftir fjölda hjúkrunarrýma til að auðvelda samanburð, þ.e.:

Undir 10	hjúkrunarrými	(alls 7 heimili)
10-29	hjúkrunarrými	(alls 19 heimili)
30-49	hjúkrunarrými	(alls 9 heimili)
50-100	hjúkrunarrými	(alls 5 heimili)
Yfir 100	hjúkrunarrými	(alls 6 heimili)

## 1. Samantekt upplýsinga

Hjúkrunarheimilin eru mjög mismunandi að stærð, allt frá 3 - 187 hjúkrunarrými. Ætla má að minni hjúkrunarheimili séu frekar óhagstæðar rekstrareiningar.

Miðað er við að hjúkrunarforstjóri sé talinn með í mönnun á heimilum sem hafa 30 hjúkrunarrými eða færri nema heimilin hafi sérstaklega tilgreint annað. Hlutfall hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða af heildarmönnun er afar mismunandi eftir hjúkrunarheimilum.

### Undir 10 rými (7 heimili)

Hjúkrunarfræðingar 0-25,4% af heildarmönnun.

Sjúkraliðamönnun 0-30,2% af heildarmönnun.

Fjöldi stöðugilda (sem koma að beinni þjónustu við íbúa) 5,7 - 12,6.

Þrjú heimili með bakvakt hjúkrunarfræðinga, en 4 heimili ekki.

**10-29 rými (19 heimili)**

Hjúkrunarfræðingar 4,4-21,2% af heildarmönnun.

Sjúkraliðamönnun 0-65,9% af heildarmönnun.

Fjöldi stöðugilda (sem koma að beinni þjónustu við íbúa) 9 - 27,05.

Sextán heimili með bakvakt hjúkrunarfræðinga, 1 heimili að hluta til, 2 heimili ekki.

**30 – 49 rými (9 heimili)**

Hjúkrunarfræðingar 9,3-19,2% af heildarmönnun.

Sjúkraliðamönnun 16,9-47,8% af heildarmönnun.

Fjöldi stöðugilda (sem koma að beinni þjónustu við íbúa) 19,3 - 42,3.

Bakvakt hjúkrunarfræðings eða staðbundin vakt á öllum heimilum.

**50 – 100 rými (5 heimili)**

Hjúkrunarfræðingar 9,5-18,1% af heildarmönnun.

Sjúkraliðamönnun 14-36,6% af heildarmönnun.

Fjöldi stöðugilda (sem koma að beinni þjónustu við íbúa) 58,23 - 88,72.

Bakvakt hjúkrunarfræðings eða staðbundin vakt á öllum heimilum.

**Meira en 100 rými (6 heimili)**

Hjúkrunarfræðingar 8-15,1% af heildarmönnun.

Sjúkraliðamönnun 13,7-34,7% af heildarmönnun.

Fjöldi stöðugilda (sem koma að beinni þjónustu við íbúa) 92,25 - 192,59.

Bakvakt hjúkrunarfræðings eða staðbundin vakt á öllum heimilum.

## 2. Viðmið um æskilega mönnun á hjúkrunarheimilum

Hvað varðar viðmið um æskilega mönnun á hjúkrunarheimilum hefur Landlæknisembættið miðað við:

- Ábendingar gæðaráðs Landlæknisembættisins í öldrunarhjúkrun um hjúkrunarmönnun á öldrunarstofnunum frá árinu 2001.
- Mönnun á hjúkrunarheimilum samkvæmt reiknilíkani heilbrigðisráðuneytisins.

Landlæknisembættið mun út frá þeim upplýsingum sem borist hafa frá hjúkrunarheimilunum leitast við að setja fram viðmið um lágmarksmönnun á hjúkrunarheimilum til að tryggja öryggi þjónustunnar. Í ljósi efnahagsástandsins mun embættið ekki halda til streitu viðmiðunartölum um mönnun skv. ábendingum gæðaráðs embættisins í öldrunarhjúkrun, en embættið telur að viðmið reiknilíkans heilbrigðisráðuneytisins um hlutfallslega skiptingu sé raunhæft. Vert er að minna á að það er einungis hlutfallsleg skipting, en segir ekkert til um fjölda starfsmanna. Mikilvægt er að Landlæknisembættið, heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið séu sammála um grundvallarviðmið í mönnun hjúkrunarheimila, bæði hvað varðar hlutfallslega skiptingu og fjölda stöðugilda. Því mun embættið óska eftir samstarfi við þau ráðuneyti auk sérfróðra aðila. Brýnt er að þessari vinnu verði hraðað sem mest.

## 3. Ábendingar Landlæknisembættisins um hjúkrunarmönnun á öldrunarstofnunum frá 2001

Gæðaráð Landlæknisembættisins í öldrunarhjúkrun telur að fullnægjandi hjúkrun á hjúkrunarheimili verði fyrst og fremst tryggð með viðeigandi mönnun. Eftirfarandi eru dæmi um mönnunarlíkan fyrir 12, 18 og 24 rúma hjúkrunardeildir. Í þessum mönnunarlíkönum er einvörðungu gert ráð fyrir hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum við umönnunina. Ef ekki fæst faglært fólk til starfa þarf í sumum tilvikum að grípa til þess ráðs að manna stöðugildi með ófaglærðu starfsfólki. Sé stór hluti stöðugilda setinn af ófaglærðu fólki þarf að gera ráð fyrir að þörf verði fyrir meiri mönnun. Um er að ræða lágmarksmönnun í meðalþungu hjúkrunarrými. Fari RAI þyngdarstuðull upp fyrir 1,0 má gera ráð fyrir að þörf verði á meiri mönnun.

**Mönnun í hjúkrunarrými þar sem dvelja 12 aldraðir einstaklingar.**Fjöldi stöðugilda

Hjúkrunarfræðingar	4,6
Sjúkraliðar	<u>8,0</u>
<b>Stöðugildi samtals</b>	<b>12,6</b>

Hjúkrunarklukkustundir á sjúkling á sólarhring	6,0
--	-----

**Mönnun í hjúkrunarrými þar sem dvelja 18 aldraðir einstaklingar.**Fjöldi stöðugilda

Hjúkrunarfræðingar	5,2
Sjúkraliðar	<u>10,8</u>
<b>Stöðugildi samtals</b>	<b>16,0</b>

Hjúkrunarklukkustundir á sjúkling á sólarhring	5,08
--	------

**Mönnun í hjúkrunarrými þar sem dvelja 24 aldraðir einstaklingar.**Fjöldi stöðugilda

Hjúkrunarfræðingar	7,5
Sjúkraliðar	<u>13,6</u>
<b>Stöðugildi samtals</b>	<b>21,1</b>

Hjúkrunarklukkustundir á sjúkling á sólarhring	5,02
--	------

Þegar fjallað er um hversu mikil hjúkrun er veitt er notuð mælieiningin hjúkrunarklukkustund. Þessi mælieining gefur til kynna hversu mikla umönnun í klukkutímum hver heimilismaður fær á sólarhring að meðaltali. Við útreikninga á hjúkrunarklukkustundum er notaður heildarfjöldi stöðugilda hjúkrunardeildarstjóra, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða við aðhlyningu.

Gæðaráð Landlæknisembættisins í öldrunarhjúkrun leggur áherslu á að mönnunarlíkön hjúkrunarrýma gangi út frá 4,80–5,50 hjúkrunarklukkustundum á íbúa á sólarhring að jafnaði.

Almennt er miðað við að hlutfall hjúkrunarfræðinga sé um það bil 30% af heildarfjölda stöðugilda þegar um hjúkrunardeildir og hjúkrunarheimili er að ræða.

#### 4. Mönnun á hjúkrunarheimilum samkvæmt reiknilíkani heilbrigðisráðuneytisins

Við gerð reiknilíkans HBR var tekið meðaltal af ákveðnum hjúkrunarheimilum, þar sem mönnun var einna best. Í líkaninu er stuðst við ákveðið prósentuhlutfall starfsfólks, sem er notað til að ákveða fjármagn.

Hjúkrunarfræðingar	17,54%
Sjúkraliðar	21,04%
Ófaglært fólk	54,95%
Sjúkraþjálfarar	1,75%
Iðjuþjálfar	0,88%
Læknar	0,35%
Annað fagfólk	3,5%

Þessi útreikningur miðast við þyngdarstuðul 1. Gengið er út frá fjölda starfsfólks, en ekki vægi launa. Um viðmiðunartölur er að ræða, en stærð deilda skiptir máli ásamt fleiru. Fjárlög ríkisins gera ekki ráð fyrir mönnun samkvæmt þessu reiknilíkani og því þarf að miða við fjárveitingar hverju sinni.

Stöður deildarstjóra miðast við stærð deilda, þ.e. reiknað er með deildarstjóra (sem er einungis á morgunvöktum) ef íbúar eru 30 eða fleiri og einnig aðstoðardeildarstjóra (sem gengur vaktir). Hjúkrunarforstjóri og fræðslustjóri er utan við framangreindar tölur.